

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1057

Dagsetning: 11. febrúar 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) sat fundinn undir liðum 4-8, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem sat fundinn undir liðum 1-6 í gegnum fjarfundarbúnað og ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 4. febrúar 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Samningar um Upplýsingamiðstöð HH

Rætt var um stöðu samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH og þau gögn sem þarf að undirbúa fyrir næsta fund.

4. Minna á bókaða tíma

Rætt var um hvort senda eigi fleiri SMS til að minna skjólstæðinga á bókaða tíma, en alltaf er talsvert um að skjólstæðingar mæti ekki þrátt fyrir að send séu SMS-skilaboð daginn fyrir tímann. Ákveðið var að fjölga skilaboðunum og senda SMS-skilaboð fyrr, en gera úttekt á mætingu eftir nokkra mánuði til að meta áhrifin.

5. Lýðheilsuáskoranir meðal barna og ungmenna

Umræður um skipan fulltrúa frá HH í starfshóp heilbrigðisráðuneytisins um nýjar lýðheilsuáskoranir meðal barna og ungmenna. Óskað var eftir einum fulltrúa frá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og öðrum frá Geðheilsumiðstöð barna.

6. Rafrænar lausnir í geðheilbrigðismálum

Rætt var um hvernig hægt væri að nota rafrænar lausnir til að bæta afköst og vinnubrögð í geðteymum HH. Framkvæmdastjórn telur brýna þörf á úrbótum til að auka skilvirkni og afköst en vinna þarf að þeim úrbótum með embætti landlæknis.

7. Heilsugæslustöðvar í vanda

Umræður um heilsugæslustöðvar sem glíma við mönnunarvanda og möguleg úrræði fyrir þær stöðvar.

8. Kjarasamningar lækna

Upplýst var að vinna við útfærslu tengt nýgerðum kjarasamningum lækna sé í góðum farvegi. Enn er verið að safna upplýsingum en vinnuhópar eru að verða tilbúnir að fara af stað í verkefnin.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf áfram að því að ná samningum við SÍ um fjármögnun
Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM og HP
- Bæta þarf við SMS-sendingum til að minna á bókaða tíma hjá HH, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM
- Finna þarf starfsmann HH til að sitja í starfshópi um lýðheilsuáskoranir meðal barna og ungmenna, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf að því að bæta rafrænar lausnir í geðheilbrigðisþjónustu HH, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH
- Halda þarf áfram vinnu við útfærslu á kjarasamningi lækna hjá HH, sjá lið 8.
Ábyrgð: NSK

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00